

**Berist til:** Menningarmálanefndar Garðabæjar

**Efni:** Styrkumsókn fyrir tónlistarnámskeið HIMA í júní 2022

**Sótt er um:** kr. 1.000.000 í styrk.

Harpa International Music Academy (HIMA) var stofnað árið 2013 og hefur staðið fyrir alþjóðlegu námskeiði fyrir klassíska hljóðfæranemendur á hverju sumri síðan þá. Námskeiðið varð fljótlega að föstum sessi íslenskra hljóðfæranemenda og laðar einnig að nemendur og kennara erlendis frá.

Í fyrra fór kennsla mið- og eldri deildar HIMA fram í Fjölbrautaskólanum og Tónlistarskólanum í Garðabæ. Var það í fyrsta sinn sem HIMA hélt starfsemi í bænum, sem gekk svo vel að ákveðið var að flytja alla kennslu þangað í ár. Að þessu sinni mun námskeiðið hafa aðsetur í Flataskóla og í Tónlistarskólanum og munu 80 hljóðfæranemendur á aldrinum 9 - 22 ára sækja námskeiðið. Þar af er búist við 15 háskólanemum frá Bandaríkjunum. Kennarar og starfsfólk verða í kringum 20.

Námskeiðið verður haldið frá 11. - 20. júní og mun öll kennsla fara fram í Garðabæ auk nokkurra tónleika, en lokatónleikar HIMA verða svo haldnir í Hörpu dagana 18. - 20. júní.

Kennaralið HIMA skartar fremstu strengjahljóðfæraleikurum Íslands. Markmið námskeiðsins er að nemendur hafi betra vald á hljóðfæri sínu að því loknu og er kennslan því mjög einstaklingsmiðuð. Nemendur í eldri deild fá t.d. 8 einkatíma og flytja tvö ólík kammerverk á tónleikum. Þeir leika í masterklössum og fá allir æfingu hjá píanómeðleikara, og nemendur og kennarar borða saman hádegismat daglega í Flataskóla.

HIMA er ekki rekið í hagnaðarskyni og hlýtur reglulega styrki frá Tónlistarsjóði og Ýli. Styrkirnir og námskeiðsgjöld standa að mestu undir rekstar- og kennslukostnaði.

HIMA hefur áhuga á að styrkja samstarfið við Garðabæ og bjóða upp á tónlistarflutning við ýmis tækifæri fyrir bæjarbúa meðan á námskeiðinu stendur. Auk þess vonar stjórn HIMA að Garðabær verði framtíðarheimili námskeiðsins enda er aðstaðan sem skólarnir bjóða uppá fullkomin, ekki síst fyrsta flokks salurinn í Tónlistarskólanum. Það að allir geti borðað saman hádegismat í mötuneyti grunnskólans styrkir liðsheild nemenda og setur mikinn svip á námskeiðið - þetta var ekki hægt öll árin sem kennsla fór fram í Reykjavík.

Virðingarfyllt,

Ari Þór Vilhjálmsson  
Leiðari 2. fiðlu Israel Philharmonic Orchestra  
Framkvæmdastjóri HIMA / [www.himafestival.is](http://www.himafestival.is)